

Úrskurður 7/2006.

Kærð er sú ákvörðun tollstjóra að endurkrefja eftirgefin vörugjöld á leigubifreið þar sem handhafi hennar uppfyllti ekki skilyrði um lágmarksendurgjald vegna leiguakstursins. Kærandi krafðist þess að úrskurðurinn yrði felldur úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra.

Með bréfi dags. 8. nóvember s.l. sem barst ríkistollanefnd þann 15. s.m. kærir A. úrskurð tollstjóra nr. 6/2006. Í hinum kærða úrskurði er kærandi krafinn um eftirgefið vörugjald af leigubifreið í hans eigu. Skráningarnúmer bifreiðarinnar er J-634. Kærandi krefst þess að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi og að honum verði endurgreitt krafið vörugjald.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir að þann 25. mars 2003 hafi kærandi undirritað yfirlýsingu vegna eftirgefins vörugjalds af leigubifreið með fastanúmer J-634. Þegar kvaðabinding bifreiðarinnar rann út, þremur árum seinna, sendi tollstjóri kæranda bréf, dags. 10. apríl 2006, þar sem óskað var eftir staðfestu endurriti af skattskýrslum næstu tveggja heilu almanaksára eftir að eftirgjöf var veitt, þ.e.a.s. skattskýrslur fyrir gjaldaárin 2004 og 2005. Fram kemur í úrskurðinum að tollstjóri hafi móttekið skattskýrslur fyrir gjaldaárin 2003-2005.

Tollstjóri sendi kæranda annað bréf, dags. 6. júní 2006. Í bréfinu kemur fram að með hliðsjón af upplýsingum úr nefndum skattskýrslum telji hann að skilyrði reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum hafi ekki verið uppfyllt. Beri því af þeirri ástæðu að greiða eftirgefið vörugjald, sbr. 20. gr. reglugerðarinnar, að fjárhæð kr. 497.663. Fram kemur að kærandi greiddi þá upphæð þann 23. júní 2006 með fyrirvara.

Þá segir í hinum kærða úrskurði tollstjóra að í 4. tl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum, sé fjallað um lækkun vörugjalds af leigubifreiðum. Til þess að fá vörugjald lækkað samkvæmt þessu ákvæði þarf réttihafi að uppfylla þar tilgreind skilyrði í þrjú ár eftir nýskráningu bifreiðar, sbr. 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar.

Í 3. tl. 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar komi fram að réttihafi verði að hafa tekjur að lágmarki 70% af reiknuðu endurgjaldi í staðgreiðslu eins og það sé ákvarðað af ráðherra árlega, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, annað af næstu tveimur heilu almanaksárunum eftir að eftirgjöf var veitt. Í ákvæðinu kemur jafnframt fram að þegar liðin séu þrjú ár frá eftirgjöf beri réttihafi að senda tollstjóra staðfest endurrit af skattskýrslum næstu tveggja heilu almanaksára til sönnunar á tekjum réttihafa. Tollstjóri telur að í ofangreindu skilyrði felist að réttihafi verði að hafa að lágmarki 70% af reiknuðu endurgjaldi, sbr. reitur 2.4 í skattskýrslu, eins og ráðherra ákveður ár hvert. Á heimasíðu ríkisskattstjóra sé að finna upplýsingar um reglur varðandi reiknað endurgjald. Þar komi fram að fjármálaráðherra skuli, að fengnum tillögum ríkisskattstjóra, setja við upphaf árs reglur um reiknað endurgjald fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur og ákveða viðmiðunarfjárhæðir fyrir lágmark þess með hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf.

Þá segir að þegar metið sé hvort réttihafi uppfylli skilyrðið um lágmarkstekjur sé tekið mið af þeim reglum og viðmiðum sem ráðherra setji ár hvert. Í máli þessu taldi tollstjóri að flokkur E ætti við um starfsgrein leigubílstjóra, en viðmiðunartekjur/reiknað endurgjald fyrir árin 2004 og 2005 er sem hér segir:

Reiknað endurgjald fyrir bifreiðastjóra árið 2004 (E2):

Mánaðarlaun: 185.000

Árslaun: 2.220.000

Reiknað endurgjald fyrir bifreiðastjóra árið 2005 (E4):

Mánaðarlaun: 194.000

Árslaun: 2.328.000

Með hliðsjón af reglu 3. tl. 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000 verður réttihafi í máli þessu að hafa 70% af ofangreindum viðmiðunartekjum eða:

Reiknað endurgjald fyrir árið 2004 (árslaun E2): $2.220.000 \times 70\% = 1.554.000$

Reiknað endurgjald fyrir árið 2005 (árslaun E4): $2.328.000 \times 70\% = 1.629.600$

Þá kemur fram að tollstjóri hafi mótttekið skattskýrslur fyrir gjaldaárin 2003-2005. Í skattskýrslu fyrir gjaldaárið 2004 komi fram, að reiknað endurgjald sé kr. 281.682. Í skattskýrslu fyrir gjaldaárið 2005 kemur fram, að reiknað endurgjald sé kr. 492.848. Af þessu leiðir að reiknað endurgjald, samkvæmt skattskýrslum, er töluvert lægra en þau tekjuviðmið sem embættið styðst við, þ.e.a.s eins og þau er ákvörðuð af ráðherra ár hvert.

Í bréfi, dags. 14. ágúst 2006, krefst kærandi þess að fá að afturkalla hjá skattstjóra lækkunina á reiknuðu endurgjaldi ellilífeyrisþega annað umrætt ár til þess að fullnægja tekjuskilyrði 3. tl. 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000, og senda að því loknu til tollstjóra breytt afrit af skattframtali sínu til þess að fá endurgreitt eftirgefið vörugjald. Tollstjóri vísar á skattyfirvöld með beiðni um leiðréttingu eða aðra afgreiðslu á skattframtali.

Með hliðsjón af ofangreindu telur tollstjóri ekki unnt að líta til annars en reiknaðs endurgjalds af leigubifreiðaakstri eins og það er tilgreint í skattskýrslum fyrir gjaldaárin 2004-2005, þ.e.a.s. þegar metið er hvort umsækjandi um eftirgjöf vörugjalds uppfylli lágmarkstekjur í skilningi 3. tl. 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000, með síðari breytingum. Tollstjóri úrskurðar með vísan til þess sem rakið er hér að framan að kærandi beri að greiða eftirgefið vörugjald, kr. 497.663, af bifreið með fastanúmer J-634 sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 331/2000, með síðari breytingum.

Í kæru kæranda til ríkistollanefndar er kærður úrskurður tollstjóra nr. 6/2006, dags 22. október 2006, svo og ákvörðun tollstjóra sem birt var kæranda í bréfi 6. júní 2006 varðandi eftirgefið vörugjald af leigubifreið kæranda JE-634 þar sem honum er gert að greiða eftirgefið vörugjald kr. 497.663. Þá segir í kærinni að tollstjóri hafi nú úrskurðað tvisvar í máli þessu um vörugjald af umræddri leigubifreið og í síðari úrskurðinum sé byggt á allt öðrum forsendum en í hinum fyrri. Ekki sé annað að sjá en tollstjóri hafi ekki minnstu hugmynd um hvaða lög eða reglugerðir gildi um þetta mál. Því sé tæpast hægt að ætlast til þess að leigubílstjóri norður í landi viti um það. Þar sem úrskurður tollstjóra frá 2. október s.l. sé byggður á allt öðrum forsendum en hinn fyrri telur kærandi að hann eigi ekki við í þessu máli og sé því ógildur. Í honum sé byggt á reglugerð sem tollstjóri virtist ekki hafa hugmynd um að væri í gildi þegar hann úrskurðaði hinn fyrri úrskurð þann 6. júní s.l.

Kærandi segist ekki hafa fengið tækifæri til að koma að sínum athugasemdum og /eða gögnum áður en fyrrnefndir úrskurðir féllu og telur að freklega hafi verið á sér brotið. Ekki sé hægt að halda því fram að ástæðulaust hafi verið að veita sér andmælarétt þar sem málið hafi legið alveg ljóst fyrir. Það hafi ekki verið ljósara en það fyrir tollstjóra að honum beri ekki saman í úrskurðum sínum. Sem dæmi um þetta vísar kærandi til reiknaðs endurgjalds. Það sé annað í fyrri úrskurðinum en þeim seinni. Kærandi telur málsmeðferð tollstjóra fráleita og krefst þess að úrskurður tollstjóra nr. 6/2006 svo og úrskurður sama embættis dags. 6. júní 2006 verði felldir niður og að honum verði endurgreitt krafið vörugjald.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 16. nóvember 2006. Í svari sem barst nefndinni þann 6. desember s.l. rekur tollstjóri málið og telur rétt að tiltaka þær breytingar sem orðið hafi á ákvæðum reglugerðar nr. 331/2000 í því skyni að varpa skýrara ljósi á atvik málsins. Í 4. tl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum, sé fjallað um lækkun vörugjalds af leigubifreiðum. Í 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar sé fjallað um þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar svo heimilt sé að lækka vörugjald leigubifreiða við innflutning. Í 3. tl. 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar kemur fram skilyrði um lágmarkstekjur. Þessu ákvæði hafi verið breytt þann 1. janúar 2003 með reglugerð nr. 922/2002. Fyrir breytinguna þ.e. fyrir 1. janúar 2003, var skilyrði að réttthafi þyrfti að hafa að lágmarki kr. 1.164.000.- í reiknað endurgjald af leiguakstri til þess að hljóta niðurfellingu vörugjalds. Núgildandi ákvæði kveði hins vegar á um að réttthafi skuli hafa að lágmarki 70% af reiknuðu endurgjaldi í staðgreiðslu eins og það sé ákvarðað af ráðherra árlega. Með vísan til þess að kærandi máls þessa undirritar yfirlýsingu vegna eftirgefins vörugjalds af leigubifreið þann 25. mars 2003 telur tollstjóri að réttthafi þurfi að hafa að lágmarki 70% af reiknuðu endurgjaldi í staðgreiðslu eins og það er ákvarðað af ráðherra ár hvert.

Þá áréttar tollstjóri að með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum máls þessa, þ.e. skattskýrslum kæranda, sé ljóst að kærandi uppfylli ekki skilyrði um lágmarkstekjur, sbr. 3. tl. 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000, og skiptir í því sambandi ekki máli hvort farið sé eftir ákvæðinu eins og það var fyrir breytingar, þ.e. fyrir 1. janúar 2003, eða eftir breytingar.

Tollstjóri telur rétt að nefna mistök sem voru gerð af hálfu embættisins sem eru að kærandi máls þessa var látinn undirrita yfirlýsingu, vegna eftirgefins vörugjalds af leigubifreið, sem innihélt tilvísun til 15. gr. áðurnefndrar reglugerðar eins og það var fyrir breytingar 1. janúar 2003, en yfirlýsing kæranda er dagsett 25. mars 2003. Tollstjóri biðst velvirðingar á þessum mistökum.

Þá segir að í áðurnefndu kærubréfi, dags. 8. nóvember s.l., komi einnig fram að kærandi telji sig ekki hafa fengið tækifæri til þess að koma að andmælum sínum og/eða gögnum áður en úrskurðir tollstjórans lágu fyrir. Embætti tollstjórans er ósammála þessari fullyrðingu kæranda, enda koma fram andmæli í kærubréfi hans, dags. 14. ágúst 2006.

Með vísan til ofanritaðs og forsendna hins kærða úrskurðar tollstjóra nr. 6/2006, er þess krafist að hann verði staðfestur sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 331/2000, með síðari breytingum.

Greinargerð tollstjórans í Reykjavík var send kæranda með ábyrgðarbréfi dags. 7. desember 2006. Í svari sem barst nefndinni hinn 28. desember 2006 segir m.a. að í greinargerð tollstjóra frá 30. nóvember sé viðurkennt að gerð hafi verið mistök við gerð úrskurðar dags. 6. júní 2006 og sé beðist afsökunar á þeim. Þá finnst kæranda málsmeðferð tollstjóra afar slæm og telur það ekki ganga að úrskurðað sé tvisvar í sama málinu á gerólíkum forsendum. Ekki sé nóg að biðjast afsökunar á öllu saman og úrskurðirnir standi síðan óhaggaðir. Kærandi telur að ekki sé verið að veita honum andmælarétt með því einu að tilkynna honum um að úrskurður sé kæránlegur sbr. úrskurð dags 14. ágúst. 2006. Það sé alveg ný skýring á andmælarétti. Kærandi telur ljóst að þegar tollstjóri hafi komist að því að hann hafi ekki haft það á hreinu hvaða reglugerð gilti um þetta mál hafi hann átt að veita sér rétt til að koma að skýringum og andmælum áður en úrskurður féll. Kærandi ítrekar fyrri kröfu í málinu.

Ríkistollanefnd hefur fjallað um málið og kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Uppi er ágreiningur um greiðslu eftirgefins vörugjalds af leigubifreið með skrásetningarnúmer JE-634. Tollstjóri heldur því fram að kærandi hafi ekki uppfyllt ákvæði 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum. Kærandi krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Í kærinni kemur fram að kærandi telur að tollstjóri hafi kveðið upp tvo úrskurði, annars vegar hinn 6. júní og hins vegar hinn 2. október 2006. Kærandi telur sig ekki hafa fengið tækifæri til að koma sínum athugasemdum og/eða gögnum á framfæri áður en úrskurðir féllu og telur að brotið hafi verið á andmælarétti sínum. Tollstjóri mótmælir þessu og bendir á að kærandi hafi komið andmælum sínum á framfæri með bréfi þann 14. ágúst 2006.

Af gögnum málsins má ráða að hér er um misskilning að ræða hjá kæranda. Tollstjóri kallaði eftir skattskýrslum kæranda með bréfi sem dagsett er þann 10. apríl 2006. Þegar tollstjóri kemst að þeirri niðurstöðu að kærandi hafi ekki uppfyllt skilyrði í 3. tl. 2. mgr. 15. gr. reglugerðar 331/2000 með áorðnum breytingum sendir hann kæranda bréf dags 6. júní 2006. Í því tilkynnir hann kæranda að hann uppfylli ekki skilyrði nefndrar reglugerðar og krefur hann um kr. 497.663. Að mati ríkistollanefndar er hér ekki um úrskurð að ræða eins og kærandi heldur fram, heldur ákvörðun um endurkröfu eftirgefins vörugjalds. Í bréfinu kemur fram að kærandi geti kært þessa ákvörðun til tollstjórans í Reykjavík. Það gerði kærandi með bréfi dags. 14. ágúst 2006. Nefndarmenn telja því að kærandi hafi notið andmælaréttar um ákvörðun tollstjóra.

Nefndarmenn hafa yfirfarið gögn þau sem tollstjóri byggir ákvörðun sína á, s.s. bréf, skattskýrslur kæranda ofl. Í máli kæranda gilda lög nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti ofl., svo og reglugerð 331/2000 með síðari breytingum. Að því er virðist fyrir mistök vitnar tollstjóri í bréfi sínu dags. 6. júní 2006 til 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum. Þá vísar tollstjóri eins og kærandi bendir réttilega á í rangt skráningarnúmer bifreiðar í fyrirsögn. Annars staðar í úrskurði tollstjóra er hins vegar rétt númer bifreiðar tilgreint þannig að ekki fer milli mála um hvaða bifreið er að ræða. Þegar eftirgjöf til kæranda átti sér stað hinn 25. mars 2003 hafði reglugerð nr. 331/2000 verið breytt með reglugerð 922/2002 um breytingu á henni. Þá er röng tilvitnun í reglugerðartexta í yfirlýsingu sem kærandi ritaði undir þann 25. mars 2003, þar sem hann gengst undir skilyrði 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000. Í yfirlýsingunni skuldbindur kærandi sig til að greiða eftirgefið vörugjald að fullu hafi hann ekki að lágmarki kr. 1.164.000,- í reiknað endurgjald af leiguakstri annað af næstu tveimur heilu almanaksárum eftir að eftirgjöf er veitt. Í 3. gr. reglugerðar nr. 922/2002 um breyting á reglugerð nr. 331/2000 segir m.a.: "Réthafi skal hafa í tekjur að lágmarki 70% af reiknuðu endurgjaldi í staðgreiðslu ákvarðað af ráðherra árlega, sbr. 1. mgr. 6.gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu með síðari breytingum" Í gögnum málsins liggur fyrir reiknað endurgjald ríkisskattstjóra kr. 1.554.000,- fyrir tekjuárið 2004 og kr. 1.629.600,- fyrir

tekjuárið 2005. Ljóst er skv. fyrirliggjandi skattframtölum að reiknað endurgjald kæranda er undir þessum viðmiðunarmörkum og reyndar einnig undir þeirri tölu kr. 1.164.000,- sem var ranglega tilgreind í undirritaðri yfirlýsingu og ákvörðun tollstjóra um endurkröfu vörugjalds.

Samkvæmt framansögðu uppfyllir kærandi ekki skilyrði 28. gr. laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti ofl., 2. mgr. 15. gr. reglugerðar 331/2000, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 922/2002 um breyting á henni svo og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Með vísan til ofanritaðs kveður ríkistollanefnd upp eftirfarandi úrskurð: Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður tollstjóra nr. 6/2006 frá 2. október 2006 staðfestur.